



# Samband loftþrýstibreytinga og vatnsborðsbreytinga í holum í Svartsengi


Gísli Karel Halldórsson, Snorri Páll Kjaran, Jónas Elíasson

Greinargerð GKH-SPK-JE-81/03

Samband loftþrýsibreytinga og vatnsborðsbreytinga í holum í Svartsengi

Í heitum holum í Svartsengi, verða sveiflur í vatnsborðinu þegar loftþrýstingur breytis. Fylgni batnsborðs og loftþrýstings er kölluð loftþyngdarsvörun (Barometric efficiency) BE. Í skýrslunni "Svartsengi, straumfræðileg rannsókn á jarðhitasvæði" OS-SFS-7702, er talið að þessi stuðull BE, í holu 5 sé 0.75.

Í eftirfarandi greinargerð er sýnt samband loftþrýstings í Reykjavík og vatnsborðs í holum 4, 7 og 8. Tímabilið sem valið er til úrvinnslu, eru dagar þar sem vinnsla úr holum var stöðug, og síritandi vatnsborðsmælar voru á þessum þrem holum. Vatnsborðsmælanir sem notaðir eru, eru af gerðinni A. OTT. Þeir byggjast á því að í vatnsborði holanna flýtur kúla. Frá kúlunni liggur vír yfir trissu á mælinum, og í hinum enda vírsins hangir sakka.



Mynd 1: Snið af borholu og vatnsleiðara

þrýstingur í holunni við vatnsleiðarann er  $P_1$

$$P_1 = h_1 \cdot \rho \cdot g + P_{\text{loftþrýstingur}} \quad (1)$$

Segjum að loftþrýstingur vaxi um  $\Delta P_{\text{loft}}$ . Þrýstingurinn í holunni við vatnsleiðarann er  $P_2$

$$P_2 = h_2 \cdot \rho \cdot g + P_{\text{loft}} + \Delta P_{\text{loftb.}} \quad (2)$$

$$P_2 - P_1 = \Delta P_{\text{loftb.}} + (h_2 - h_1) \cdot \rho \cdot g \quad (3)$$

Í stöðuvötnum og í opnum vatnsleiðurum verða óverulegar breytingar á grunnvatnsborði þegar loftþrýstingur breytist. Jafna (3) verður þá þannig

$$P_2 - P_1 = \Delta P_{\text{loftb.}} \quad (4)$$

Í lokaðum vatnsleiðurum gildir að þrýstingur í vatnsleiðaranum sjálfum breytist ekki þótt loftþrýstingur breytist. Jafna (3) verður þá þannig.

$$P_2 - P_1 = 0 = \Delta P_{\text{loftb.}} + (h_2 - h_1) \cdot \rho \cdot g \quad (5)$$

Almennt má umskrifa jöfu (3) þannig.

$$\Delta P_{\text{loftb.}} - (P_2 - P_1) = BE \cdot \Delta P_{\text{loftb.}} \quad (6)$$

$$BE \cdot \Delta P_{\text{loftb.}} = (h_1 - h_2) \cdot \rho \cdot g \quad (7)$$

þar sem BE er loftþyngdarsvörunin (barometric efficiency).

Mynd 2 sýnir vatnsborð í holum 4, 7 og 8 og mældan lofþrýsting í Reykjavík vikuna 25. sept - 2 okt. 1980. Dagana 25-29. september var vinnsla úr holum stöðug, 175 kg/s. Reiknuð er út fylgni loftþrýstings og vatnsborðs þessa daga.

Hola 4: Vatnsborðlækkun í holu 4 mældist 0.108 m/sólarhring 25-29. sept. 1980. Línulegt samband er milli breytinga á vatnsborði og loftþrýstibreytinga þannig

$$\text{Vatnsborðsbreyting} = (1013,2 \text{ mb} - \text{Loftþr. Rvk.}) \cdot (BE/g \cdot \rho) \cdot 10^2 \text{ m}$$

þar sem

1013,2 mb er meðal loftþrýstingur í Reykjavík

BE : Loftþyngdarsvörun (Barometric efficiency)

g : Þyngdarhröðun  $9,81 \text{ m/s}^2$

$\rho$  : Eðlisþungi vatns  $825 \text{ kg/m}^3$

BE er fundið sem hallastuðull á línu þar sem loftþrýstingur er á öðrum ásnum en vatnsborðsbreyting á hinum. BE er reiknað út með línulegri bestun, og fékkst  $BE = 0.763$ . Stuðullinn BE er ákvarðaður með tölfræðilegum hætti. Dreifingin á BE, nefnist á ensku "Student t distribution with n-2 degrees of freedom". Niðurstöður reikninga eru þær að með 80% öryggi má segja að BE liggi á bilinu  $0.737 - 0.800$  og með 95% öryggi má segja að BE liggi á bilinu  $0.719 - 0.817$ .

Hola 7: Vatnsborðslækkun í holu 7 mældist  $0.102\text{ m/sólarhring}$  dagana 25-29. sept. 1980.

Loftþyngdarsvörðun BE var ákvörðuð  $0.713$ . 80% líkindabil fyrir BE er  $0.701 - 0.761$  og 95% líkindabil fyrir BE er  $0.684 - 0.778$ .

Hola 8: Vatnsborðslækkun í holu 8 mældist  $0.120\text{ m/sólarhring}$  dagana 25-29. sept. 1980.

Loftþyngdarsvörðun BE var ákvörðuð  $0.798$ . 80% líkindabil fyrir BE er  $0.739 - 0.857$ , og 95% líkindabil fyrir BE er  $0.705 - 0.891$ .

Samband loftþrýstings og vatnsborðs í holum í Svartsengi.

Klukka Dagar	Loftþ. Rvk.	H 4		H 7		H 8	
		Vatnsb. m.u.s	Frávik	Vatnsb. m.u.s	Frávik	Vatnsb. m.u.s	Frávik
25/9	24	989.7	89.17	0	81.59	0	70.50
26/9	3	987.5		0.02		0.02	0.03
	6	985.4		0.05		0.04	0.055
	9	983.2		0.06		0.06	0.06
	12	983.3		0.055		0.05	0.05
	15	984.6		0.04		0.045	0.05
	18	985.5		0.04		0.05	0.04
	21	986.4		0.03		0.04	0.03
	24	986.7	89.28	0.02	81.69	0.025	70.62
27/9	3	987.3		0.02		0.02	0.015
	6	987.3		0.01		0.02	0.015
	9	988.7		0		0.005	-0.005
	12	989.8		-0.01		0	-0.02
	15	990.6		-0.02		-0.01	-0.025
	18	992.4		-0.03		-0.03	-0.045
	21	994.6		-0.05		-0.045	-0.06
	24	995.9	89.39	-0.06	81.79	-0.055	70.74
28/9	3	996.5		-0.07		-0.06	-0.07
	6	996.8		-0.07		-0.06	-0.07
	9	996.9		-0.06		-0.05	-0.06
	12	994.8		-0.04		-0.04	-0.04
	15	991.6		-0.01		0	0.01
	18	986.3		0.05		0.05	0.07
	21	982.4		0.08		0.08	0.085
	24	981.0	89.49	0.09	81.90	0.09	70.86
29/9	3	980.7		0.08		0.085	0.08
	6	982.7		0.06		0.06	0.055
	9	986.8		0.03		0.03	0.015

Hola 4: Vatnsborðslækkun í holu 4 reiknaðist 0.108 m/sólarhring.  
 Línulegt samband er milli loftþrýstings og vatnsborðsbreytinga, þannig  $Y = 9.406 - 0.0095 \cdot X$ , þar sem Y er vatnsborðsbreyting og X er loftþrýstingur. Fylgnistuðullinn "correlation coefficient", r, fyrir línuna var -0.9873.

Hola 7: Vatnsborðslækkun er 0.102 m/sólarhring.

$$Y = 8.9378 - 0.00903 \cdot X$$

$$r = -0.9874$$

Hola 8: Vatnsborðslækkun er 0.120 m/sólarhring

$$Y = 9.7564 - 0.00986 \cdot X$$

$$r = -0.961$$

Loftþrystingur í Reykjavík milli bar.

980 mb  
990 mb  
1000 mb  
1010 mb  
1020 mb

Heðarkerði fyrir vatnsbordsslöðu

0 m  
0,5 m  
1,0 m  
1,5 m

